

1867.
25. júlí.

Þér að einu leytinu ekki getið verið skyldur að borga neitt úr jafnaðarsjóðnum, nema þér hafið fengið eða fáið um leið lögmæta kvittun fyrir því, eins og sá, sem við borguninni á að taka, hins vegar ekki getur verið skyldur til að láta kvittunina af hendi fyr en hann hefir fengið borgunina, sem á að kvitta fyrir, þá fær stjórnarráðið á hinn bóginn ekki sæð, að þér getið synjað að borga neitt gjald, sem einhver á lögmæta heimting á, hverjum þeim, sem kemur með fullgilda fullmakt frá hlutað-eiganda til að taka við gjaldinu og kvitta fyrir það.

25. júlí.

38. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um borgun fyrir afgreiðslu pósts í Axarfirði.

Með bréfi dagsettu 1. f. m. hafið þér, herra amfmaður, sent hingað bænarskrá frá síra Hjörleifi Guttormssyni, sóknarpresti að Skinnastað, er þér hafið falið á hendur að afgreiða póstinn í Axarfirðinum, þar sem þér í fyrra hafið skipað fyrir um póststöðvar; sækir hann um að fá eptirleiðis árlega þóknun fyrir þenna starfa sinn, á líkan hátt og öðrum er veitt, sem afgreiða pósta á Íslandi, en ekki hafa neina embættisskyldu til að hafa þann starfa á hendi.

Um þetta skal yður til vitundar gefið sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörði það, að stjórnarráðið eptir málavöxtum ekki hefir neitt á móti því, að beiðandanum fyrst um sinn sé veitt 6 ríkisdala þóknun á ári í þessu skyni, eins og þér hafið stungið uppá, og sé það talið frá 1. janúarmán. þ. á.; landfógetanum á Íslandi hefir líka verið skrifað í dag um að greiða þóknun þessa úr jarðabókarsjóði landsins.